

**Lífeyrissjóður
Tannlæknafélags Íslands
séreignardeild**

Ársreikningur 2005

Efnisyfirlit:

bls.

Skýrsla stjórnar.....	2
Áritun endurskoðenda.....	3
Yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris.....	4
Efnahagsreikningur.....	5
Sjóðstreymi.....	6
Skýringar.....	7 - 11
Fimm ára yfirlit.....	12

*Lífeyrissjóður Tannlæknafélags Íslands,
Séreignardeild
kt. 430269-1519*

Skýrsla stjórnar

Meginstarfsemi séreignardeildarinnar

Séreignardeild Lífeyrissjóðs Tannlæknafélags Íslands er ætluð starfandi tannlæknum og mökum þeirra, sem ekki er að lögum skylt að vera í öðrum lífeyrissjóði. Hlutverk sjóðsins er að ávaxta iðgjöld sjóðfélaga og tryggja þeim og erfingjum þeirra lífeyri samkvæmt samþykktum sjóðsins.

Starfsemin á árinu

Í lok ársins 2005 áttu 311 sjóðfélagar inneign í sjóðnum, en iðgjöld greiddu 201 aðili. Iðgjöld námu kr. 56.313.371 á árinu 2005. Á árinu voru greiddar örorkubætur til eins sjóðfélaga að fjárhæð kr. 527.832, barnalífeyrir að fjárhæð kr. 199.032 var greiddur til eins aðila, makalífeyrir að fjárhæð kr. 3.029.152 var greiddur til eins aðila og eftirlaun voru greidd til tuttugu sjóðfélaga, kr. 25.130.543. Samtals nema útborgaðar bætur á árinu 2005 því kr. 28.886.559 til tuttugu og þriggja aðila. Stjórnarlaun námu kr. 1.080.000 á árinu en þar af voru kr. 963.682 gjaldfærðar hjá séreignardeildinni.

Það er álit stjórnar sjóðsins að allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu hans í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun, komi fram í ársreikningnum.

Fjármunir lífeyrissjóðsins eru í umsjón og vörslu Landsbanka Íslands hf. voru um áramót bundnir í ríkisbréfum, hlutabréfum, skuldabréfum fyrirtækja, innlendum og erlendum verðbréfasjóðum og veðskuldabréfum sjóðfélaga.

Framtíðaráform

Engar verulegar breytingar eru fyrirhugaðar á rekstri sjóðsins á næsta ári.

Hrein eign

Hrein eign sjóðsins nam í árslok 2005 kr. 1.892.283.964 og hafði hækkað á árinu úr kr. 1.656.829.812 eða um kr. 235.454.152.

Fjárhagsleg áhættustjórnun

Lífeyrissjóður Tannlæknafélags Íslands hefur gert samning við Landsbanka Íslands hf. og annast hann umsjón og eignastýringu sjóðsins innan gildandi fjárfestingastefnu stjórnar sjóðsins hverju sinni. Landsbanki Íslands hf. annast ávöxtun fjármuna sjóðsins með sem hagkvæmustum hætti og virkri eignastýringu. Stjórn sjóðsins hefur eftirlit með ráðstöfun eigna sjóðsins í samræmi við ákvæði laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða í samræmi við samþykktir sjóðsins og starfsreglur stjórnar.

Stjórn Lífeyrissjóðs Tannlæknafélags Íslands staðfestir hér með ársreikning þennan með undirritun sinni.

Reykjavík, 26. apríl 2006

Í stjórn Lífeyrissjóðs Tannlæknafélags Íslands:

Björn Ragnarsson

Sigurgíslí Ingimarsson

Þórólfur Ólafsson

Jón Björn Sigtryggsson

Gísli Vilhjálmsson

Áritun endurskoðenda

Til stjórnar og sjóðfélaga í Lífeyrissjóði Tannlæknafélags Íslands

Við höfum endurskoðað ársreikning séreignardeildar Lífeyrissjóðs Tannlæknafélags Íslands fyrir árið 2005. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, yfirlit yfir breytingar á hreinni eign, efnahagsreikning 31. desember 2005, sjóðstreymi og skýringar. Ársreikningurinn er lagður fram af stjórn sjóðsins og á ábyrgð hennar í samræmi við lög og reglur. Ábyrgð okkar felst í því álitum sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar.

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt því ber okkur að skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fáiist um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka. Endurskoðunin, sem tekur mið af mati okkar á mikilvægi einstakra þátta og áhættu, felur í sér greiningaraðgerðir, úrtakskannanir og athuganir á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og upplýsingar sem koma fram í ársreikningnum. Endurskoðunin felur einnig í sér athugun á þeim reikningsskilaaðferðum og matsreglum sem notaðar eru við gerð ársreikningsins og mat á framsetningu hans í heild. Við teljum að endurskoðunin sé nægjanlega traustur grunnur til að byggja álit okkar á.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu séreignardeildarinnar á árinu 2005, efnahag hennar 31. desember 2005 og breytingu á handbæru fé á árinu 2005, í samræmi við lög og settar reikningskilareglur.

Reykjavík, 26. apríl 2006.

PricewaterhouseCoopers hf

Stefán Bergsson
löggiltur endurskoðandi

Ólafur Gestsson
löggiltur endurskoðandi

Yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris fyrir árið 2005

	Skýr.	2005	2004
Iðgjöld			
Iðgjöld sjóðfélaga		24.202.918	23.934.776
Iðgjöld launagreiðenda		32.110.453	30.803.559
		<u>56.313.371</u>	<u>54.738.335</u>
Lífeyrir			
Lífeyrir	3	28.886.559	37.152.493
Fjárfestingartekjur			
Tekjur af eignarhlutum	4	645.389	697.681
Vaxtatekjur og gengismunur	4	217.475.707	188.376.722
Afskrifuð sjóðfélagalán		0	(5.147.350)
Breytingar á niðurfærslu	4	496.844	4.328.757
		<u>218.617.940</u>	<u>188.255.810</u>
Fjárfestingargjöld			
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	6	2.830.914	1.255.033
Vaxtagjöld		89.827	4.531
		<u>2.920.741</u>	<u>1.259.564</u>
Rekstrarkostnaður			
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	6	7.669.859	2.660.835
Hækkun á hreinni eign á árinu		<u>235.454.152</u>	<u>201.921.253</u>
Hrein eign frá fyrra ári		1.656.829.812	1.454.908.559
Hrein eign í árslok til greiðslu lífeyris		<u>1.892.283.964</u>	<u>1.656.829.812</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2005

Eignir	Skýr.	2005	2004
Fjárfestingar			
Verðbréf með breytilegum tekjum	5	1.633.187.145	1.432.539.681
Verðbréf með föstum tekjum	5	56.916.740	63.039.903
Veðlán	5	64.789.820	64.779.714
		<u>1.754.893.705</u>	<u>1.560.359.298</u>
Kröfur			
Aðrar kröfur	7	144.898.597	100.494.081
Aðrar eignir			
Handbært fé		2.449.044	5.323.322
Aðrar eignir		0	1.245.574
		<u>2.449.044</u>	<u>6.568.896</u>
	Eignir samtals	<u>1.902.241.346</u>	<u>1.667.422.275</u>
Skuldir			
Viðskiptaskuldir			
Aðrar skuldir		9.957.382	10.592.463
	Skuldir samtals	<u>9.957.382</u>	<u>10.592.463</u>
		<u>1.892.283.964</u>	<u>1.656.829.812</u>
Hrein eign til greiðslu lífeyris			
Aðrar upplýsingar	8		

Sjóðstreymi ársins 2005

	Skýr.	2005	2004
Inngreiðslur			
Iðgjöld		49.829.081	54.738.335
Fjárfestingartekjur		147.597	12.082.820
Afborganir verðbréfa		27.114.030	30.796.582
Seld verðbréf með breytilegum tekjum		1.735.625.301	1.470.984.000
		<u>1.812.716.009</u>	<u>1.568.601.737</u>
Útgreiðslur			
Lífeyrir		28.886.559	37.152.493
Fjárfestingargjöld		89.827	4.531
Rekstrarkostnaður án afskrifta		4.533.546	3.915.868
Hækkun á kröfum		44.522.535	112.988.327
Aðrar útgreiðslur		0	5.147.350
		<u>78.032.467</u>	<u>159.208.569</u>
Ráðstöfunarfé til kaupa á verðbréfum og annarri fjárfestingu		1.734.683.542	1.409.393.168
Kaup á verðbréfum og önnur fjárfesting			
Kaup á verðbréfum með breytilegum tekjum		1.718.057.820	1.403.385.591
Ný útlán		19.500.000	7.500.000
		<u>1.737.557.820</u>	<u>1.410.885.591</u>
Hækkun/(lækkun) á handbæru fé		(2.874.278)	(1.492.423)
Handbært fé í ársbyrjun		5.323.322	6.815.745
Handbært fé í árslok		<u>2.449.044</u>	<u>5.323.322</u>

Skýringar

1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

1.1 Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglur Fjármálaeftirlitsins um ársreikninga lífeyrissjóða. Reglurnar eru settar á grundvelli laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Þó svo mat þetta sé samkvæmt bestu vitund stjórnenda geta raunveruleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir reynst önnur en niðurstaða samkvæmt matinu.

1.2 Iðgjöld

Iðgjöld sjóðfélaga og launagreiðenda eru bókfærð þegar þau skapa réttindakröfu á séreignardeildina.

1.3 Fjárfestingatekjur

Vaxtatekjur eru tekjufærðar miðað við upphaflega ávöxtunarkröfu skuldabréfaeignar og áfallnar vaxtatekjur vegna bankainnstæðna og viðskiptakrafna eru tekjufærðar nema vafi leiki á um innheimtu þeirra.

Arðstekjur eru tekjufærðar þegar ákvörðun aðalfundar um arðgreiðslu í viðkomandi félögum liggur fyrir.

Gangvirðisbreytingar eru færðar í rekstrarreikning vegna skilgreindra fjáreigna á gangvirði.

Viðskipti í öðrum myntum en íslenskum krónum eru umreiknuð yfir í íslenskar krónur á gengi viðskiptadags. Gengismunur sem myndast við greiðslu og innheimtu krafna er færður í rekstrarreikning sem og áfallinn gengismunur á eignir í árslok.

1.4 Fjárfestingar

Verðbréfum í eigu sjóðsins er skipt í verðbréf með breytilegum tekjum, verðbréf með föstum tekjum og veðlán.

Verðbréf með breytilegum tekjum eru framseljanleg verðbréf svo sem hlutabréf og hlutdeildarskírteini verðbréfasjóða. Þau verðbréf með breytilegum tekjum sem skráð eru á skipulegum verðbréfamarkaði eru eignfærð á markaðsverði í árslok. Verðbréf í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknuð í íslenskar krónur á gengi í árslok 2005.

Verðbréf með föstum tekjum eru framseljanleg skuldabréf og önnur verðbréf með föstum tekjum. Hér er átt við bréf sem t.d. eru bundin við vísitölu eða gengi gjaldmiðla hvort sem vextir eru fastir eða hafa tiltekna vaxtaviðmiðun. Verðbréf með föstum tekjum eru færð til eignar miðað við ávöxtunarkröfu þeirra á kaupdegi.

Veðlán eru útlán til sjóðfélaga. Veðlán eru færð til eignar með áföllnum verðbótum miðað við vísitölur sem tóku gildi í ársbyrjun 2006.

1.5 Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samkvæmt sjóðstreymi samanstandur af óbundnum bankainnstæðum í erlendum gjaldmiðlum og íslenskum krónum.

Skýringar

2. Fjárhagsleg áhættustjórnun

2.1 Fjárhagslegir áhættuþættir

Starfsemi sjóðsins hefur í för með sér margvíslega áhættu s.s. áhrif breytinga á gengi hlutabréfa, breytinga á gengi erlendra gjaldmiðla og vaxtabreytinga. Áhættustjórnun sjóðsins beinist að aðgerðum til þess að draga úr þessum áhættuþáttum.

Eignastýring er í höndum Landsbanka Íslands hf. samkvæmt samningi um rekstur sjóðsins. Landsbanki Íslands hf annast fjárvörslu með virkri eignastýringu innan ramma fjárfestingastefnu sjóðsins hverju sinni.

2.2 Gengisáhætta

Sjóðurinn starfar í alþjóðlegu umhverfi og hefur fjárfest í erlendum verðbréfasjóðum þar sem hrein eign þeirra er bundin áhættu. Sjóðurinn notar framvirka samninga, í samvinnu við Landsbanka Íslands hf, til þess að verjast sveiflum á gjaldmiðlum.

2.3 Vaxtaáhætta

Breyting á hreinni eign til greiðslu lífeyris er að miklu leyti óháð breytingum á markaðsvöxtum. Sjóðurinn er með rúmlega 14% eigna sinna vaxtaberandi.

2.4 Útlánaáhætta

Sjóðurinn einbeitir sér ekki sérstaklega að útlánaáættu. Hins vegar hefur félagið ákveðna stefnu gagnvart útlánum til sjóðfélaga.

Skýringar

3. Lífeyrir	2005	2004
Greiddur lífeyrir greinist þannig:		
Makalífeyrir.....	3.029.152	1.770.574
Örorkulífeyrir.....	527.832	509.976
Barnalífeyrir.....	199.032	738.600
Eftirlaun.....	25.130.543	34.133.343
	<u>28.886.559</u>	<u>37.152.493</u>
4. Fjárfestingatekjur		
Tekjur af eignarhlutum sundurliðast þannig:		
Arður af hlutabréfum.....	3.217	93.144
Arður af erlendum sjóðum.....	642.172	604.537
	<u>645.389</u>	<u>697.681</u>
Vaxtatekjur og gengismunur sundurliðast þannig:		
Vaxtatekjur af bankainnistæðum	1.648.139	282.444
Gengishagnaður	13.051.260	6.334.894
Vaxtatekjur og gengismunur verðbréfa	202.624.891	181.714.195
Dráttarvextir	151.417	45.189
	<u>217.475.707</u>	<u>188.376.722</u>
Breyting á niðurfærslu verðbréfa:		
Niðurfærsla verðbréfa 1/1	496.844	4.825.601
Niðurfærsla verðbréfa 31/12	0	(496.844)
	<u>496.844</u>	<u>4.328.757</u>
5. Fjárfestingar		
Hlutabréf:		
Eignarhaldsfélag lífeyrissjóðanna um verðbréfaskráningu	10.722	10.722
Decode Genetics Inc	2.862.222	2.622.927
French Connection Group	10.879.980	0
Singer & Friedlander	0	9.316.834
	<u>13.752.924</u>	<u>11.950.483</u>
Hlutdeildarskírteini í innlendum verðbréfasjóðum:		
Hlutabréfasjóðir:		
Úrvalsbréfadeild	127.526.965	127.901.141
Landsbanki Global Equity Fund	67.135.450	59.060.338
Landsbanki Global Opportunity	24.453.229	0
Vísitölubréf Landsbankans	60.338.610	24.668.001
	<u>279.454.254</u>	<u>211.629.480</u>

Skýringar

Skuldabréfasjóðir:	2005	2004
Markaðsbréf 1	2.352.855	163.165.535
Markaðsbréf 2	21.697.319	186.516.032
Markaðsbréf 3	100.752.963	76.160.364
Markaðsbréf 4	142.865.337	87.100.278
Peningabréf	259.230.656	84.666.803
Fyrirtækjabréf Landsbankans	499.366.380	379.466.301
Landsbanki Private Equity	10.457.000	0
Mezzanine Fund Landsbankans	14.896.655	14.478.335
	<u>1.051.619.165</u>	<u>991.553.648</u>
Hlutdeildarskírteini í erlendum verðbréfasjóðum:		
ACM-Global Growth Trends Portfolio	117.232.418	52.749.439
ACM-Global Value Portfolio	53.320.083	81.699.051
ACM-European Value Portfolio, EUR	31.511.257	8.558.428
ACM-International Health Care Fund	16.382.703	8.488.292
ACM-European Value Portfolio, USD	18.847.258	16.683.930
Nasdaq	20.361.183	0
I-Shares MSCI Emerging Markets Index	0	12.320.924
I-Shares MSCI Hong Kong Index	0	7.379.736
I-Shares Russel 2000 Value Ind	0	11.778.279
Pharamaceutical Holds Trust	30.705.900	17.747.991
	<u>288.360.802</u>	<u>217.406.070</u>
Innlend skuldabréf:		
Bankabréf	52.935.002	46.240.095
Húsnæðisbréf	3.493.344	5.789.847
Sveitarfélög	0	10.449.271
Önnur bréf	488.394	560.690
	<u>56.916.740</u>	<u>63.039.903</u>
Veðlán:		
Sjóðfélagalán	64.789.820	65.276.558
Niðurfærsla	0	(496.844)
	<u>64.789.820</u>	<u>64.779.714</u>
Heildareignir	1.754.893.705	1.560.359.298

Skýringar

6. Skrifstofukostnaður

Gjaldfærður skrifstofu- og stjórnunarkostnaður sundurliðast þannig:	2005	2004
89,23% af sameiginlegum kostnaði sameignar- og séreignardeildar	1.977.346	1.981.286
Endurskoðun	853.568	846.216
Árangurstengd þóknun	7.669.859	1.088.366
	<u>10.500.773</u>	<u>3.915.868</u>

Í sameiginlegum kostnaði er hlutfall séreignardeildar af stjórnarlaunum:

Björn Ragnarsson	535.378	544.916
Sigurgísli Ingimarsson	107.076	108.983
Þórólfur Ólafsson	107.076	108.983
Jón Björn Sigtryggsson	107.076	108.983
Gísli Vilhjálmsson	107.076	108.983
	<u>963.682</u>	<u>980.848</u>

7. Aðrar kröfur

Undir liðnum aðrar kröfur er lán sem veitt var Landsbanka Íslands þann 30.12.2005 upp á USD 2.300.000. Lán þetta ber 4,1% vexti og er á gjalddaga 13. janúar 2006. Verðmæti lánsins í íslenskum krónum þann 31.12.2005 er 144,9 millj.

8. Dánar- og örorkubótasjóður

Hluti af hreinni eign til greiðslu lífeyris er í dánar- og örorkubótasjóði og nam hann kr. 11.315.941 þann 31.12.2005, en bótagreiðslur úr sjóðnum námu kr. 558.156 á árinu.

Skýringar

9. Fimm ára yfirlit

	2005	2004	2003	2002	2001
Hrein raunávöxtun.....	7,94%	8,36%	13,26%	3,71%	-2,15%
Meðaltal hreinnar raunávöxtunar síðustu 5 ár.....	6,10%	2,65%	3,38%	2,93%	3,76%
Hlutfallsleg skipting fjárfestinga:					
Skráð verðbréf með breytilegum tekjum.....	88,18%	89,30%	90,06%	86,07%	17,60%
Skráð verðbréf með föstum tekjum.....	3,22%	3,92%	4,13%	4,95%	70,69%
Óskráð verðbréf með breytilegum tekjum.....	4,88%	2,51%	0,00%	0,00%	2,11%
Óskráð verðbréf með föstum tekjum.....	0,03%	0,12%	0,26%	1,71%	2,66%
Veðlán.....	3,69%	4,15%	5,55%	7,27%	6,94%
Hlutfallsleg skipting fjárfestinga eftir gjaldmiðlum:					
Eignir í íslenskum krónum.....	81,39%	85,30%	89,93%	90,22%	90,19%
Eignir í erlendum gjaldmiðli.....	18,61%	14,70%	10,07%	9,78%	9,81%
Samtals.....	100,00%	100,00%	100,00%	100,00%	100,00%
Fjöldi sjóðfélaga.....	311	310	309	304	327
Fjöldi lífeyrisþega.....	23	27	21	17	19
Hlutfallsleg skipting lífeyris:					
Ellilífeyrir.....	87,00%	91,87%	93,38%	85,86%	87,98%
Örorkulífeyrir.....	1,83%	1,37%	1,50%	3,34%	3,16%
Dánarbætur.....	10,49%	4,77%	4,55%	9,54%	7,67%
Barnalífeyrir.....	0,69%	1,99%	0,57%	1,26%	1,19%